



Samtakahópurinn 29.október 2020 kl. 10.00

fjarfundur.

Fundargerð

Mætt: Mætt: Anna Karlsdóttir Taylor, Fríða Guðlaugsdóttir, Guðfinna Eðvarðsdóttir, Guðrún María Þorgeirsdóttir, Guðrún Magnúsdóttir, Heiða Ingimundardóttir, Kristján Freyr Geirsson, Sigrún Björgvinsdóttir, Svava Ósk Stefánsdóttir, Kolbrún N. Þorgilsdóttir, Karen Elísabet Friðriksdóttir, Aníta Engley, Hildur Björg Vilhjálmsdóttir, Gunnhildur Gunnarsdóttir, og Hafþór Birgisson sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Lifandi liðsheild

Kynning frá Ólafi Bergi Ólafssyni sem kynnti nýtt námskeið sem þau hafa verið að bjóða upp á að undanförunu. Námskeiðið er sérhannað fyrir alla hópa á aldrinum 12-16 ára sem vinna saman að sameiginlegu markmiði.

Markmiðið með námskeiðinu er að þetta hópurinn, efla liðsheild og leysa ágreininga með samskiptum. Útkoman er sterkari liðsheild sem þekkir betur styrkleika hvers og eins.

Nánar um námskeiðið má lesa inn á neðangreindri vefslóð.

<https://www.fjorheimar.is/h%C3%B3purinn>

2. Skýrsla um heilsufarslega áhættu vegna neyslu íslenskra ungmenna í 8. – 10. bekk á koffíni í drykkjavörum.

Hafþór Birgisson íþrótta- og tómstundafulltrúi kynnti niðurstöðu skýrslu frá Matvælastofnun vegna neyslu íslenskra ungmenna í 8. – 10. bekk á koffíni í drykkjavörum. Neysla íslenskra ungmenna í 8.-10. bekk á orkudrykkjum sem innihalda koffín er með því mesta sem þekkist í Evrópu. Varfærið mat sýnir að miðað við norsk ungmenni er neysla íslenskra ungmenna allt að því tvisvar sinnum meiri hjá meðalneytendum.

Niðurstöðurnar sýna að um 30% íslenskra ungmenna í 8. bekk neyta orkudrykkja sem innihalda koffín og að neyslan eykst með aldri og er um það bil 50% meðal ungmenna í 10. bekk.

Gunnhildur og Karen í menningarmiðstöð unga fólksins við Hafnargötu 88 taka að sér að útbúa fræðsluplakat og eða fræðslumyndband um skaðsemi orkudrykkja á börn og ungmenni sem verður markaðssett til ungmenna í Reykjanesbæ.

3. ESPAD vímuefnanotkun unglinga á Suðurnesjum.

Hafþór Birgisson íþrótta- og tómstundafulltrúi kynnti rannsókn Ársæls Arnarssonar sem í daglegu tali er nefnd ESPAD rannsóknin. Niðurstöður eru afar ánægjulegar fyrir Suðurnesin.

Helstu niðurstöður voru að ungmennin okkar standa sig betur eða jafnvel og jafnaldrar þeirra sem búa annars staðar á landinu.

Mjög hefur dregið úr **reykingum** íslenskra unglinga undanfarna áratugi. Á Suðurnesjum hafði lægra hlutfall prófað að reykja sígarettur en á höfuðborgarsvæðinu.

Nokkuð færri unglingar á Suðurnesjum höfðu reykt **rafrettur** einhvern tímann á ævinni en jafnaldrar þeirra á höfuðborgarsvæðinu eða landsbyggðinni.

Líkt og með reykningar þá hefur dregið mjög úr **áfengisneyslu** íslenskra unglinga á liðnum áratugum. Um 23% unglinga í 10. bekk á Suðurnesjum sögðust hafa drukkið áfengi síðastliðið ár. Þetta er svipað hlutfall og á höfuðborgarsvæðinu samantekið en lægra en á landsbyggðinni.

Hlutfall þeirra sem hefur einhvern tíma prófað **kannabis** hefur heldur minnkað yfir þau rúm 20 ár sem rannsóknin spannar hér á landi. Á Suðurnesjum voru 10. bekkingar aðeins ólíklegri til að hafa prófað kannabis en jafnaldrar þeirra sem búa annars staðar á höfuðborgarsvæðinu eða á landsbyggðinni.

Gjarnan hefur verið rætt um íslenska forvarnarmódelið enda sýna ótal rannsóknir m.a. frá Rannsóknnum og Greiningu frábæran árangur í forvarnarstarfi. Árangurinn á Suðurnesjum er enn meiri, en þekkt er að fyrir 20 til 25 árum voru ungmennin okkar að standa sig verr en jafnaldrar þeirra sem búa annars staðar á landinu. Því er mikilvægt að hrósa ungmennunum, foreldrum, öllum sem koma að íþróttum og tómstundastarfi, starfsfólki í skólakerfinu okkar og öllum þeim sem hafa lagt hönd á plóginn. Að auki er vert að hrósa Víkurfréttum sem að fjölluðu um skýrsluna á jákvæðan hátt á dögnum (sjá fylgiskjal 1).

4. Skemmdir á leikvöllum og skólalóðum.

Samtakahópurinn skorar á foreldra að ræða við börnin í Reykjanesbæ varðandi skemmdarverk á leikvöllum og skólalóðum sveitarfélagsins. Viðgerðir á skemmdum koma að sjálfsögðu úr sameiginlegum sjóði Reykjanesbæjar. Undir lok sumars var ærslabelgurinn í ungmennagarðinum við Hafnargötu 88 skorinn. Sá sem gerði það náðist á eftirlitsmyndavél og var málið upplýst af lögreglu. Unnið verður með málið með barnavernd og lögreglunni á Suðurnesjum.

Þó er ljóst að sumar skemmdir eru ekki eftir börn líkt og lesa má sér til í viðtali við Guðlaug Helga Sigurjónssonar sem birt var í Víkurfréttum fyrir skemmstu og fylgir með í fundargerð þessari sem fylgiskjal 2

5. Geðheilbrigðismál – aðgerðir.

Guðrún Magnúsdóttir lýðheilsufulltrúi sagði frá nýrri lýðheilsustefnu sem er á lokametrunum. Stefnan mun verða lifandi plagg sem að mun verða endurskoðað árlega með áherslum á geðheilbrigði.

6. Umræður um einelti

Sigrún Björgvinsdóttir tekur að sér að halda fund með námsráðgjöfum hinna grunnskólanna í Reykjanesbæ og mun kynna fyrir Samtakahópnum á næsta fundi hvaða stefnur eru í gangi með það að markmiði að læra hvert af öðru.

Vanda Sigurgeirsdóttir og Salka Sól munu svo heimsækja grunnskólana og fjalla um jákvæð samskipti og einelti þegar að ástandið verður orðið tryggara. Sú fræðsla er hluti af Allir með verkefninu.

Fleira ekki gert og fundi slitið 11.10

Unglingar á Suðurnesjum standa sig vel

Skýrsla með niðurstöðum úr ESPAD-könnuninni 2019 um vímuefnanotkun unglunga á Suðurnesjum auk tveggja samunburðarsvæða hefur verið gefin út. Markhópur rannsóknarinnar voru allir fimmtán og sextán ára nemendur í 10. bekk á Íslandi þegar könnunin var lögð fyrir vorið 2019. Alls tóku 1.250 (48,6%) strákar og 1.323 (51,4%) stelpur þátt í rannsókninni á landsvisu, þar af 105 strákar af Suðurnesjum og 109 stelpur. Í ESPAD-könnuninni 2019 er könnuð útbreiðsla reykinga ásamt áfengis- og vímuefnaneyslu meðal íslenskra unglunga. Í samantektarskýrslu sem gefin hefur verið út eru helstu niðurstöður ESPAD 2019 kynntar varðandi 10. bekkina á Suðurnesjum. Niðurstöður úr könnuninni eru mjög jákvæðar fyrir unglunga á Suðurnesjum. Samanburðarhópur eru annars vegar höfuðborgarsvæðið án Suðurnesja og hins vegar landsbyggðin.



Sigarettur

Mjög hefur dregið úr reykingum íslenskra unglunga undanfarna áratugi. Á Suðurnesjum hafði lægra hlutfall prófað að reykja sigarettur en á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni utan Suðurnesja. Hlutfallið var einnig lægra á Suðurnesjum meðal þeirra sem höfðu reykt 40 stínum eða oftar en á samunburðarsvæðunum. Aðeins færri strákar en stelpur á Suðurnesjum höfðu einhvern tímann reykt sigarettur. Aðeins lægra hlutfall unglunga á Suðurnesjum tóldu auðvelt að ná sér í sigarettur en meðal þátttakenda í samunburðarhópnum tveimur.

Rafrettur

Í fyrri umferðum ESPAD var ekki spurt um reykingar með rafrettum og því ekki mögulegt að skoða breytingar frá fyrri könnunum. Nokkuð færri unglingar á Suðurnesjum höfðu reykt rafrettur einhvern tímann á ævinni en jafnaðrar þeirra

á höfuðborgarsvæðinu eða landsbyggðinni. Hlutfall unglunga á Suðurnesjum sem sögðust reykja rafrettur næstum daglega var mun lægra en meðal jafnaðra þeirra í samunburðarhópnum. Aðeins stelpur reyktu næstum daglega með rafrettum. Örlítið fleiri 10. bekkingar höfðu prófað að reykja með rafrettum en reykt sigarettur.

Áfengi

Líkt og með reykingar þá hefur dregið mjög úr áfengisneyslu íslenskra unglunga á öðrum áratugum. Um 23% unglunga í 10. bekk á Suðurnesjum sögðust hafa dregið áfengi síðastliðið ár. Þetta er svipað hlutfall og á höfuðborgarsvæðinu samunburðarhópnum. Stelpur á Suðurnesjum voru líklegri til að hafa prófað að drekka áfengi en strákar sögðust tólf mánuði. Hlutfall þátttakenda á Suðurnesjum sem taldi erlitt að ná í sterkt áfengi var svipað og í viðmiðunarsvæðinu. Heldur auðveldara var fyrir un-

glunga á Suðurnesjum að ná sér í bjór en sterkt áfengi sem og annars staðar á landinu. Áfengi að bjór var mjög svipað og hjá samunburðarhópnum.

Kannabis

Hlutfall þeirra sem hefur einhvern tíma prófað kannabis hefur haldist minnkað yfir þau rúm tuttugu ár sem rannsóknin spannar hér á landi. Á Suðurnesjum voru 10. bekkingar aðeins ólíklegri til að hafa prófað kannabis en jafnaðrar þeirra sem búa annars staðar á höfuðborgarsvæðinu eða á landsbyggðinni. Á Suðurnesjum hafði svipað hlutfall stráka og stelpna prófað kannabis. Þátttakendur á Suðurnesjum voru ólíklegri en á höfuðborgarsvæðinu eða á landsbyggðinni til að telja frekar eða mjög auðvelt fyrir þá að nálgast kannabísefni. Ýmsir aðrir þættir voru einnig kannaðir.

Samband við foreldra

Um 83% unglunga á Suðurnesjum sögðust næstum alltaf eða oft elga auðvelt með að fá hlýju og umhyggju frá foreldrum sínum. Hlutfallið var hæst á höfuðborgarsvæðinu en svipað og á landsbyggðinni utan Suðurnesja. Um það bil helmingur íslenskra unglunga sagði að foreldrar þeirra settu þeim oft eða alltaf skýrar reglur helma fyrir. Á Suðurnesjum var hlutfallið 47% sem er lægra en á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni utan Suðurnesja.

Fjárhættuspil

Tæplega 5% unglunga á Suðurnesjum höfðu spilað upp á peninga síðastliðna tólf mánuði, það er nokkuð lægra hlutfall en hjá unglungum á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni utan Suðurnesja. Strákar á Suðurnesjum voru líklegri til að spila fjárhættuspil en stelpur. Það sama á við um stráka og stelpur á viðmiðunarsvæðinu þó munurinn á kynjunum sé meiri.

Tölvuleikir

Um 30% þátttakenda á Suðurnesjum sögðust spila tölvuleiki svo til daglega, sem er svipað hlutfall og á höfuðborgarsvæðinu en nokkuð lægra en á landsbyggðinni utan Suðurnesja. Til þess verður að líta að verulegur munur er milli kynja hvað þetta varðar þar sem hlutfall stráka í daglegum tölvuleikjum var tæplega 50% en stelpna 11%. Alltaf kynjamunur má sjá í viðmiðunarsvæðinu tveimur. Um 14% unglunga á Suðurnesjum voru sammála því að þeir eyddu of miklum tíma í tölvuleiki. Hlutfall þátttakenda á viðmiðunarsvæðinu sem voru sammála að þeir eyddu of miklum tíma í tölvuleikjum var nokkuð hærri.

Internet

Langflestir þátttakenda á Suðurnesjum sem og í viðmiðunarsvæðinu tveimur notuðu Internetið í frítíðum svo til daglega.

Samfélagsmiðlar

Tæpum helmingi unglínganna á Suðurnesjum fannst þeir eyða of miklum tíma á samfélagsmiðlum sem er svipaða hlutfall en á samunburðarsvæðunum.

Íþróttir og líkamsrækt

Rúmlega 60% þátttakenda á Suðurnesjum sagðist taka daglega þátt í íþróttum og líkamsrækt sem er nokkuð hærra hlutfall en á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni utan Suðurnesja. Á Suðurnesjum tóku heldur fleiri strákar þátt í daglegum íþróttum eða líkamsrækt en stelpur. Hlutfall stelpna og stráka sem tóku a.m.k. vikulega þátt í íþróttum var mjög svipað.

Bóklestur til ánægju

Um 29% þátttakenda á Suðurnesjum lásu aðrir bækur sér til ánægju sem er aðeins hærra hlutfall en á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni utan Suðurnesja. Miðað við þá sem aldrei lásu bækur voru þeir færri 10. bekkingarir á Suðurnesjum sem lásu bækur sér til ánægju a.m.k. einu sinni í viku eða oftar. Nokkuð fleiri strákar en stelpur á Suðurnesjum lásu aðrir bækur sér til ánægju. Meðal stelpna var nokkurnvægja þótt hlutfall þeirra sem aldrei lásu bækur og þeirra sem lásu bækur a.m.k. einu sinni í viku eða næstum daglega. Meðal stráka var helmingi lægra hlutfall sem las bækur a.m.k. vikulega en þeirra sem aldrei lásu bækur.

Skrópað í skólanum

Svipað hlutfall 10. bekkinga á Suðurnesjum hafði skrópað í kennslusundum og á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. Aðeins fleiri stelpur en strákar höfðu skrópað í skólanum á Suðurnesjum en munurinn á kynjunum var ekki mikill.

ESPAD er langstærsta rannsóknarverkefni samtímans á vímuefnaneyslu og öðrum þáttum í lífi unglunga hvað varðar fjölda landa sem taka þátt, fjölda nemenda í hverri umferð og lengd þess tímabils sem verkefnið nær til. Skýrslan var unnin af Ársæli Arnarssyni, prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, ábyrgðarmanns ESPAD á Íslandi, og Ingiþörgu Kjartansdóttur á Menntavísindastofnun HÍ.

Tíð skemmdarverk víða í Reykjanesbæ

„Mikið tjón af völdum skemmdarverka sem hafa kostað mikla peninga. Skrifast ekki einungis á krakka eða óvita,“ segir Guðlaugur H. Sigurjónsson, sviðsstjóri umhverfissviðs Reykjanesbæjar.



Árlega verður Reykjanesbær fyrir miklu tjóni vegna skemmdarverka á umhverfinu og eru strætóskýli, bekkir og ruslatunnur tíð skotmörk. Á undanfórnum vikum og mánuðum hafa skemmdarvargar fengið útrás víða í bæjarfélaginu og valdið miklu tjóni. „Svo virðist sem ekkert fái að vera í friði. Í sumar höfum við orðið fyrir miklu tjóni af völdum skemmdarverka sem hafa kostað mikla peninga og það er klárt mál að þetta skrifast ekki einungis á krakka eða óvita,“ segir Guðlaugur H. Sigurjónsson, sviðsstjóri umhverfissviðs Reykjanesbæjar.

Meðal skemmdarverka í sumar má nefna að ærslabelgurinn við 88 húsið var ristur upp og stórskemmdur, hengirúmið við DUUS var skorið niður og brennt en þetta er að sögn Guðlaugs, búnaður sem er mjög vinsæll hjá yngri bæjarbúum og mikið notaður. „Lýsing við Strandleið er reglulega spörkuð niður, gler í strætóskýlum brotin í hverjum mánuði og sama á við um Frisbee-velli sem við höfum verið að setja niður. Um þarsíðustu helgi fann einhver sér þörf til að sparka niður og eyðileggja nýjan teljara sem við höfum nýverið sett upp á endurbættan stig á rómantíska svæðinu sem svo er kallað. Bara þetta eina tjón er upp á tæpa milljón,“ segir Guðlaugur og bætir því við að

töluverðan ásetning og kraft til að sparka þetta niður.

„Manni fallast eiginlega hendur þegar maður sér svona á göngu eða les á samfélagsmiðlum. Við erum að reyna gera bæinn skemmtilegri og bæta útlit hans og ásýnd með allskonar hugmyndum en verður svo bara lýti á bænum eftir skemmdarverk. Það er ósk mín að foreldrar og umráðamenn barna og unglinga geri öllum það ljóst að tjón vegna skemmdarverka er greitt úr okkar vösum, okkar útsvarsgreiðenda. Þessi peningar koma hvergi annars staðar frá,“ segir Guðlaugur.



